

Alþingi
Viðskiptanefnd
Nefndasvið skrifstofu Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2013.

Athugasemdir endurskoðendaráðs við tiltekin ákvæði frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur, með síðari breytingum. (Þingskjal 645 – 503. mál).

Í ofangreindu frumvarpi eru lagðar til ýmsar breytingar lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, með síðari breytingum. Endurskoðendaráð telur að flestar breytingar sem þar koma fram séu til bóta en óskar að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

1. Athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt b. lið 1. mgr. 6. gr. er gert ráð fyrir að bætt verði við nýjum tölulíð við 2. mgr. 15. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að endurskoðendaráð skuli hafa eftirlit með því að endurskoðendur gæti að fyrirmælum laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnum hryðjuverka.

Af þessu tilefni bendir ráðið á að samkvæmt 1. mgr. 15. gr. er það hlutverk endurskoðendaráðs „að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði þessara laga, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda“. Endurskoðendaráð hefur túlkað valdsvið sitt samkvæmt framansögðu sem að það taki einungis til ákvæða laga nr. 79/2008, siðareglur Fle og aðrar reglur er taka til starfa endurskoðenda, að því tilskyldu að slíkar reglur hafi verið settar með stoð í ákvæðum laga nr. 79/2008. Með fyrrgreindri breytingu á lögnum er ráðinu falið eftirlit í samræmi við ákvæði sérlaga um peningabætti. Af þessu tilefni leggur ráðið til að bætt verði einum málslíð við 1. mgr. 15. gr. laganna er verði svohljóðandi:

Endurskoðendaráð skal jafnframt hafa eftirlit með því að endurskoðendur ræki störf sín í samræmi við ákvæði annarra laga enda sé skýrt kveðið á um slík verkefni ráðsins í viðeigandi lögum eða lögum þessum.

2. Athugasemdir við 7. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 7. gr. er lagt til að fimm nýjar málsgreinar bætist við 17. gr. laga um endurskoðendur. Ráðið telur að bæta megi orðalag síðustu málsgreinarinnar sem er svohljóðandi:

Endurskoðendaráð getur skotið máli endurskoðanda, sem réttindi til endurskoðunarstarfa hafa tímabundið verið felld niður hjá, til ráðherra. Getur ráðið m.a. gert kröfu um að ráðherra mæli fyrir um ótímabundna niðurfellingu réttinda. Skal málskot gert innan tólf vikna frá því tímabundin niðurfelling var ákveðin. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. helst niðurfelling réttinda endurskoðanda meðan mál er til meðferðar hjá ráðherra.

Heimild til málskots er of opin að mati ráðsins. Eins og 17. gr. laganna er orðuð skv. frumvarpinu getur markmið málskots til ráðherra í þessu tilviki aðeins verið eitt, að leggja til endanlega niðurfellingu réttinda. Ráðið leggur því til eftirfarandi breytingu á síðustu málsgrein 7. gr. frumvarpsins:

Telji endurskoðendaráð að endurskoðandi, sem réttindi til endurskoðunarstarfa hafa tímabundið verið felld niður hjá, hafi ekki bætt að fullu úr því sem ábótavant var í rekstri hans eða vinnubrögðum og var tilefni niðurfellingar, getur ráðið með rökstuddu áliti lagt til við ráðherra að hann mæli fyrir um ótímabundna niðurfellingu réttinda. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. helst niðurfelling réttinda endurskoðanda meðan mál er til meðferðar hjá ráðherra.

Athugasemdir við 10. gr. frumvarpsins.

Ákvæðið er svohljóðandi:

Í stað 2. másl. 7. mgr. 18. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Endurskoðendaráð skal birta úrlausnir sínar eða útdrætti úr þeim opinberlega. Gæta skal nafnleyndar.

Athugasemdir við ákvæðið eru tvenns konar. Í fyrsta lagi telur endurskoðendaráð að ákvæðið mætti almennt orða skýrar. Í athugasemdir með frumvarpinu kemur ekki fram hvort ætlunin er að gera efnisbreytingu á gildandi lögum og framkvæmd. Í því skyni bendir ráðið á að ekki er með öllu ljóst hvað átt er við með hugtakinu „úrlausnir“ í téðu ákvæði. Endurskoðendaráð bendir á að það úrskurðar í ágreiningsmálum. Ennfremur tekur ráðið ákvarðanir um að senda tilmæli um úrbætur eða rökstutt álit til endurskoðenda eða endurskoðunarfyirtækja sem gerst hafa brotleg við ákvæði laga nr. 79/2008. Um er að ræða tilmæli um úrbætur eða rökstutt álit um áminningu endurskoðanda. Þegar um alvarleg brot er að ræða eða ítrekuð, getur ráðið sent rökstutt álit til ráðherra um niðurfellingu réttinda. Slíkt álit felur ekki í sér endanlega niðurstöðu þar sem ráðherra tekur ákvörðun um hvort fella eigi réttindi niður.

Í öðru lagi gerir ráðið athugasemdir við seinni máslíð greinarinnar sem er svohljóðandi: *Gæta skal nafnleyndar.* Gildandi framkvæmd hefur verið sú að gætt hefur verið nafnleyndar hvað

varðar nöfn einstaklinga enda er ráðinu slík nafnbirting óheimild samkvæmt lögum nr. 77/2000, um persónuvernd. Hins vegar hefur ráðið birt nöfn þeirra lögaðila sem eiga í hlut en ekki birt nöfn á því verkefni sem viðkomandi mál snýr að, þ.e. hinu endurskoðaða fyrirtæki. Endurskoðendaráð telur mikilvægt að skýrt verði kveðið á um í lögum um umfang nafnleyndar, þ.e. hvort einungis sé átt við að fylgt sé ákvæðum laga um persónuvernd gagnvart þeim einstaklingum sem um ræðir eða hvort einnig sé átt við endurskoðunarfyrirtæki. Slík birting er í samræmi við tilgang 8. félagatilskipunar og enn fremur í samræmi við það verklag sem viðhaft er í nágrannalöndum okkar sem í mörgum tilvikum birta einnig nöfn endurskoðendanna. Ráðið telur samkvæmt framansögðu rétt að Alþingi taki skýra afstöðu til þess hvort og þá að hve miklu leyti eigi að gæta nafnleyndar í ákvörðunum endurskoðendaráðs er sæta opinberri birtingu.


Ennfremur má benda á að þegar endurskoðandi gerist brotlegur við lög um endurskoðendur þegar kemur að endurskoðun eininga tengdri almannahagsmunum (ETA) telur endurskoðendaráð eðlilegt að viðkomandi einingu sé kunngjört um niðurstöðu máls er varðar endurskoðanda þess eða endurskoðunarfyrirtæki þegar ráðið hefur komist að þeirri niðurtöðu að ekki hafi verið gætt viðeigandi reglna við framkvæmd endurskoðunar.

Með hliðsjón af framangreindu leggur endurskoðendaráð til að umrædd grein frumvarpsins verði svohljóðandi:

*Í stað 2. málsl. 7. mgr. 18. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi:
Endurskoðendaráð skal birta niðurstöður, úrskurði og álit sín eða úrdrætti úr þeim opinberlega. Endurskoðendaráð skal birta nöfn endurskoðunarfyrirtækja.
Þegar verkfnið varðar einingu tengda almannahagsmunum skal ráðið tilkynna um niðurstöðu málsins til þeirrar einingar tengdri almannahagsmunum sem málið varðar.*

Virðingarfyllst,

f.h. endurskoðendaráðs



Bjarnveig Eiríksdóttir

formaður